



FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LAGNINGAR RAFSTRENGJAR FRÁ BLÖNDUÓSI AÐ SKAGASTRÖND



Byggðasafn
Skagfirðinga

BRYNDÍS ZOËGA, ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/274

Höfundur: Bryndís Zoëga, Ásta Hermannsdóttir. 2023/274

Mynd á forsíðu: Seltóftir í Neðstobotni. Horft er til norðausturs.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
AÐFERÐARFRÆÐI	3
FORNLEIFASKRÁ	4
SAMANTEKT	13
HEIMILDASKRÁ	15

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér fornleifaskráningu vegna lagningar jarðstrengjar frá Blönduósi að Skagaströnd að beiðni Rarik. Tengiliður vegna verkefnis var Rögnvaldur Guðmundsson.

Lagnaleiðin er um 20km löng og liggur að mestu um tún, móa og mela. Hún liggur í gegnum land eftirfarandi jarða, talið að sunnan: Ennis, Bakkakots, Blöndubakka, Sölvabakka, Lækjardals, Syðra-Hóls, Höskuldsstaða, Ytra-Hóls 1-2, Syðri og Ytri-Eyjar, Hafursstaða, Kjalarlands, Vindhælis, Árbakka og endar innan marka Skagastrandar.

Fornleifadeild Byggðasafn Skagfirðinga skráðir allar jarðirnar, að Bakkakoti og Blöndubakka undanskildum, á árunum 2008-2012. Því er skráningin í þessari skýrslu að mestu samantekt úr fyrri verkefnum. Á óskráðu jörðunum var lagnaleiðin gengin og fornleifar skráðar 15m út frá miðlínu.

Skráning á vettvangi fór fram sunnudaginn 30. september 2023 og var unnin af Ástu Hermansdóttur fornleifafræðingi en skýrsluskrif og úrvinnsla gagna voru unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3127



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaradilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.


Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær túngarðurinn í Hafursstaðakoti númerið 4 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar sem í þessu tilfelli er 3127 [Vindhæli 3127-4]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær tilheyra sett framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu vegna lagningar rafstrengjar frá Blönduósi að Skagaströnd.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna í samantektarkafli skýrslunnar og í viðauka er hnitatafla þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. í gegnum verkkaupa.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Rafstrengurinn liggur í gegnum túngarðinn [3106-1] á Spákonufelli.

Vindhæli-3106-1 [Skagaströnd-22]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Mikil hættu.** Strengurinn liggur í gegnum túngarðinn.

Staðhættir

Túngarður er meðfram norðurtúninu á Spákonufellinu, að austanverðu, rétt tæpa 70m vestur af aðveitustöð Rarik.

Lýsing

Garðinum er svo lýst í skýrslu Guðmundar St. Sigurðarsonar o.fl., 2009 (bls. 29): „Garðurinn er alls um 350m langur (um 270m að austanverðu, 55m að norðan og 25m að sunnan). Hann er víðast hvar stæðilegur, um 1-1,5m breiður og mest um 1,2m hár en fer niður í 40sm á köflum. Garðurinn er að mestu gróinn en þó er rof í hann á nokkrum stöðum.“



Mynd 2. Minjar á Vindhæli eru allar utan við 10m frá fyrirhuguðum jarðstreng.

Vindhæli-3106-2 [Vindhæli-14]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Hættumat: Engin hætta. Vesturendi garðsins er í um 13m fjarlægð frá strenglögn og ætti ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Hryggur er í túninu, 200-250m norður og norðvestur af íbúðarhúsinu á Vindhæli. Hryggurinn liggur með útjaðri gamla túnsins og er líklega leifar túngarðsins.

Lýsing

Í skráningarskýrslu frá 2010 (bls. 36-37) er túngarðinum svo lýst: „Hryggurinn er ávalur um 10-30sm hár og allt að 5m breiður og liggur

austur-vestur með aflíðandi boga til norðurs. Hryggurinn sést á um 80m kafla vestur af þjóðvegnum en hverfur svo á um 25m kafla en sést svo aftur á um 140m kafla þar sem hann liggur VSV-ANA.“

Aðrar upplýsingar

Úr skráningarskýrslu frá 2010 (bls. 37): „Á túnakortinu er tekið fram að meðfram túninu að vestan hafi verið torfgarður með vírgirðingu, að sunnan og suðvestan hafi verið fimmþætt girðing. Líklega hefur restin að austan og norðan verið fjárheldur torfgarður þótt ekki sé það tekið sérstaklega fram.“

Vindhæli-3106-3 [Vindhæli-7]

Hlutverk: Heimtröð

Tegund: Heimild

Hættumat: Minjarnar eru horfnar.

Staðhættir

Vegslóði liggur til vesturs eftir túninu, frá gamla bæjarstæðinu á Vindhæli, á sama stað og gamla heimreiðin, sbr. túnakort frá 1920.

Lýsing

Þarna er nú vegslóði og gamla heimreiðin horfin undir hann (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2010).

Vindhæli-3106-4 [Vindhæli-16]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru 17m frá fyrirhugaðri strengleið og eru ekki hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Í túni, um 220m norðvestur af íbúðarhúsinu á Vindhæli er lítill hóll (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2010).

Lýsing

Í skráningarskýrslu frá 2010 er hólnum svo lýst (bls. 37): „Hóllinn er um 30-50cm hár og 13x10m í ummál. Efst er um 10sm djúp dæld með ávölum brúnum, 7,5x3-3,5m að innanmáli.“ Þar er þess jafnframt getið að Páll Magnússon hafi munað eftir tóft á þessum stað. Þarna er ekki merkt bygging á túnakorti frá 1920 og hafi verið þarna hús hefur það líklega annaðhvort verið fallið úr notkun árið 1920 eða byggt eftir það.



Mynd 3. Jarðstrengurinn fer í gegnum túngarð Hafursstaðakots.

Hafursstaðir-3106-5

[Hafursstaðir-60]

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Mikil hætta.**

Strenglöggin liggur í gegnum vesturenda túngarðsins.

Staðhættir

Leifar túngarðsins á Hafursstaðakoti liggja meðfram suðurbakka Hafursstaðaár, gegnt bæjarstaði Hafursstaða.


Lýsing

Í skráningarskýrslu Bryndísar Zoëga og Guðmundar St. Sigurðarsonar (bls. 34) er túngarðinum svo lýst: „Garðlagið er í heild um 200m langt en skiptist í

fimm hluta. Það er grjóthlaðið en grasi gróið og sér í grjóthleðslur og grjót liggur á köflum meðfram honum, sem gætu verið viðbætur við garðinn. Garðlagið er allt að 90sm hátt og mest um 2m á breidd.“

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir að tún sé að hluta girt með grjót- og torfgarði og gaddavír (Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263).



Mynd 4. Mógröf [3127-7] er talin í hættu vegna framkvæmda en hún er um 6m frá strenglögnum.

Sölvabakki-3106-6 [Sölvabakki-95]

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Matjurtagarður

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 14m frá strenglögnum og ekki taldar í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Í litlum hvammi, beint austur af Skagastrandarvegi og 2,3km norðaustur af íbúðarhúsinu á Sölvabakka er garðlag sem líklega hefur afmarkað matjurtagarð.

Lýsing

Garðlaginu er svo lýst í skráningarskýrslu Bryndísar Zoëga og Guðmundar St. Sigurðarsonar frá

20 (bls. 127): „Að austan er það um 1m breitt og allt að 60sm hátt. Á brekkubrún að norðan er garðurinn óljós um 10sm hár og um 150sm breiður og virðist eins og hann hafi blásið í burtu en gróið aftur. Að vestan virðist vera bakki efst en um miðja brekkur tekur við mjór og lágur garður líkt og eftir girðingu. Vesturhliðin er alls um 12m. Enginn garður er greinanlegur að sunnan en innan garðs er slétt og markar þýfið sem tekur við í hvamminum suðurbrúnina. Hvammurinn er vel gróinn en ofan hans lítt grónir melar“.

Sölvabakki-3106-7 [Sölvabakki-94]

Hlutverk: Niðurgröftur

Tegund: Mógröf

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru um 6m frá strenglögnum og eru taldar í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Vestan við túnið í Neðri-Lækjardal og um 2,3km norðaustur af íbúðarhúsinu á Sölvabakka er mógröf. Dalalækur rennur um 10m sunnan við mógröfina.

Lýsing

Mógröfin er 3x4m að utanmáli og um 110cm djúp (Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, 20).

Sölvabakki-3106-8 [Sölvabakki-58]

Sérheiti: Skógargötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: **Mikil hættu.** Strenglögnin liggur með götunum á kafla og og þverar þær tvisvar.

Staðhættir

Gamlar reiðgötur liggja vestan með Langavatni, til norðurs og í átt að Laxá. Þetta voru gömlu göturnar um Refasveit og hétu Skógargötur á kaflanum frá Votulág og suður að Langavatni.

Lýsing

Göturnar sjást ágætlega á köflum á gömlum loftmyndum en erfitt er að greina þær á nýrri myndum þar sem að hluta er gróið yfir þær. Þær voru teiknaðar upp eftir loftmyndum og eru hvað greinilegastar frá norðurenda Langavatns og norður að Neðribyggðarveginum. Við norðurenda Langavatns eru svo gatnamót og þaðan liggja götur til allra átta. Gengið var meðfram Langavatni að vestanverðu en ekki fannst áframhald á Skógargötum þar.

Aðrar upplýsingar

Í svörum Árna Jónssonar á Sölvabakka við spurningum varðandi örnefni (bls. 1) segir: „Skógargöturnar voru almennar reiðgötur um Refasveitina og lá við við að fara þær þegar farið var yfir Laxá á Lestavaði sbr. örnefnalýsingu Neðri Lækjardals gerða af Árna Blandon í júní 1961. Þessi leið nefnist Skógargötur frá Votulág og suður að Langavatni og hafa þær trúlega dregið nafn sitt af hrísmóum sem þær liggja um á þessari leið. Þær eru ofan við Fögrubrekku rétt neðan við Löngubrekku. Þessar götur eru nú orðnar ógreinilegar þar sem þær eru hættar að þjóna sínu forna hlutverki.“



Mynd 5. Selstæðið í Neðstobotni. Horft er til norðausturs.

Bakkakot-3106-9

Hlutverk: Óþekkt, sel

Tegund: Tóft

Hættumat: **Mikil hættu.** Strenglöggnin liggur beint austan við kvíatóftina og eru seltóftirnar allar taldar í mikilli hættu.

Staðhættir

Í svonefndum Neðstobotni, norðvestan við norðurenda Hólmavatns og norður af Ólafstjörn, ca. 1,35km austur af íbúðarhúsinu á Blöndubakka eru tvennar tóftir og garðlag, líklega seltóftir en engar heimildir sem geta þess. Tóftirnar eru í brekkurótum, sunnan undir hól og er annar hól vestan þeirra.

Lýsing

Tóftirnar eru tvær, til vesturs er þrískipt tóft líklega seltóftin og til vesturs er aflöng tóft, væntanlega kvíar. Seltóftin er 5x13m að utanmáli og snýr nokkurn veginn austur-vestur en er þó í smá boga. Þrennar dyr eru og snúa allar til suðurs. Tóftirnar eru greinilegar en eru þó alveg samlagaðar umhverfi sínu. Veggir eru grónir, grasi, mosa og lyngi. Þeir eru 20-70cm háir og

um metri á breidd. Miðhólfið er 1,5x3m að innanmáli en austasta hólfið um 1,5x1,5m, vestast er áfast garðlag sem myndar þriðja rými tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots eftir Jón. Ól. Benónýsson segir: „Norðan við Hólmavatn á Bakkakot hluta af Botnum þar í Neðsta Botni eru fornar rústir sem líklegt er að séu leifar af mannabústað.“



Mynd 6. Selstæðið í Neðstabotni. Þríhólagötur liggja fast norðan við seltóftirnar.

Bakkakot-3106-10

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Hættumat: **Mikil hættu.** Strenglöggnin liggur beint austan við kvíatóftina og eru seltóftirnar allar taldar í mikilli hættu.

Staðhættir

Í svonefndum Neðstabotni, norðvestan við norðurenda Hólmavatns og norður af Ólafstjörn, ca. 1,35km austur af íbúðarhúsinu á Blöndubakka eru tvennar tóftir og garðlag, líklega seltóftir en engar heimildir sem geta þess. Tóftirnar eru í brekkurótum, sunnan undir hól og er annar hóll vestan þeirra.

Lýsing

Kvíatóftin er 3x6m að utanmáli og um 1,5x4m að innanmáli, og snýr NNA-SSV. Veggir eru jarðsokknir og samлагаðir umhverfi sínu en tóftin en þó greinileg. Hún er algróin, grasi, mosa, lyngi og kjarri. Veggir eru 20-50cm háir og um metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots eftir Jón. Ól. Benónýsson segir: „Norðan við Hólmavatn á Bakkakot hluta af Botnum þar í Neðsta Botni eru fornar rústir sem líklegt er að séu leifar af mannabústað.“



Mynd 7. Þríhólagötur [3106-11]. Horft til austurs.

Bakkakot-3106-11 [Bakkakot-53]

Sérheiti: Þríhólagötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur

Hættumat: **Mikil hættu.**

Strenglöggnin þvert yfir göturnar sem munu verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Þríhólagötur liggja frá Bakkakoti til austurs, norðan við Þríhóla og Hólmavatn og líklega yfir í land Síðu. Innan landamerka Bakkakots eru göturnar um 1,6km á lengd. Þær voru mældar af loftmynd en sá hluti þeirra sem strenglöggnin fer í gegnum var mældur á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakkakots eftir Kristján Eiríksson (bls. 2) segir: „Þríhólagata nefnist götutroðningar sem liggja heiman frá Bakkakoti með Þríhólum að norðan, og þaðan austur í Brennilargar sem eru hrís- og lynglágur norðan við svonefnt Hólmavatn.“

Samantekt

Alls voru skráðar 11 minjar sem lenda um eða innan við 15m frá fyrirhugaðri strenglöggn. Þar af eru sjö minjar sem skráðar voru af fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga á árunum 2008-2012. Þrennar minjar voru skráðar á vettvangi í októberlok 2023. Yfirlit yfir skráðar minjar eru í töflu 1. Á Vindhæli voru skráð túngarður [3127-2], hóll [3127-4] og heimild um heimtröð [3127-3]. Í landi Hafursstaða er túngarður [3127-5] Hafursstaðakots. Í landi Sölvabakka eru þrennar minjar: matjurtagarður [3127-6], mógröf [3127-7] og gamlar reiðgötur [3127-8] sem nefnast Skógargötur. Tvennar tóftir [3127-9, 10] og ein gata [3127-9, 11] voru skráð á vettvangi þann 31. október 2023. Þær eru allar í landi Bakkakots.

Hættumat

Af 11 skráðum minjum eru fjórar minjar sem ekki eru taldar í hættu, ein sem er talin í hættu og sex minjar eru í mikilli hættu vegna lagningar rafstrengs. Hér verður fjallað um minjar og hættumat og gerðar tillögur að tilfærslu þar sem það er mögulegt en áréttað að hér er aðeins um leiðbeinandi tillögur að ræða. Minjar **[3127-2, 4, 6]** eru ekki taldar í hættu en þær eru allar meira en 10m frá strenglöggn. Þrátt fyrir að minjarnar séu ekki taldar í hættu er nauðsynlegt að fylgja fyrirhugaðri strenglöggn þar sem aðeins nokkurra metra tilfærsla getur raskað minjum. Norðurendi jarðstrengsins fer í gegnum túngarðinn á Spákonufelli **[3127-1]** tæplega 40m vestur af aðveitustöð á Skagaströnd. Túngarðurinn nær langt norður og suður fyrir strenglöggnina og því ekki séð að minjum verði forðað frá raski nema með nokkuð miklum tilfæringum. Strenglöggnin liggur yfir vesturenda túngarðs **[3127-5]** í landi Hafursstaða og er alveg ljóst að hann mun að óbreyttu verða fyrir raski vegna framkvæmda. Með því að hliðra lögninni um 10-20m til vesturs á þessum kafla er hægt að koma í veg fyrir eyðileggingu á minjum. Minjar **[3127-7]** eru um 6m frá strenglöggn og eru taldar í hættu vegna framkvæmdanna. Eins eru reiðgötur **[3127-8]** í mikilli hættu þar sem strenglöggnin liggur með þeim á köflum og þverar þær að minnsta kosti tvisvar. Seltóftir **[3127-9 og 10]** liggja fast við strenglöggnina og eru taldar í mikilli hættu vegna framkvæmda. Með því að hliðra lögninni um nokkra metra til austurs mætti forða minjunum raski. Strenglöggnin liggur yfir Þríhólagötur **[3127-1]**, gamlar götur sem liggja frá Bakkakoti og munu þær að óbreyttu verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Tafla 1. Yfirlit yfir skráðar minjar.

Nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Hættumat	Ástand	Fjarlægð frá streng
3127-1		Túngarður	Garðlag	Mikil hætt	Vel greinanlegur	Í lagnaleið
3127-2		Túngarður	Hryggur	Engin hætt	Illgreinanlegur	13
3127-3		Heimreið	Heimild	Engin hætt	Horfin	--
3127-4		Óþekkt	Hóll	Engin hætt		17
3127-5		Túngarður	Garðlag	Mikil hætt	Vel greinanlegur	Í lagnaleið
3127-6		Matjurtagarður	Garðlag	Engin hætt	Vel greinanlegur	14
3127-7		Mógröf	Niðurgröftur	Hætt	Vel greinanleg	6
3127-8	Skógargötur	Leið	Götur	Mikil hætt	Greinanlegar	Í lagnaleið
3127-9		Óþekkt, sel	Tóft	Mikil hætt	Greinanleg	4
3127-10		Óþekkt, kvíar	Tóft	Mikil hætt	Greinanleg	Í lagnaleið
3127-11	Þríhólagötur			Mikil hætt	Vel greinanleg	Í lagnaleið

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Fornleifaskráning Blönduósbæjar II. Enni, Hnjúkar, Sölvabakki, Breiðavað. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. 2008/82. Sótt af:

<https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2008-82-blonduos.pdf>. Skoðað þann 23.10.2023.

Fornleifaskráning Skagabyggðar. Árbakki og Vindhæli. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2010/103. Sótt af :

<https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2010-103-skagabyggd.pdf>. Skoðað þann 23.10.2023.

Fornleifaskráning Skagabyggðar. Hafursstaðir, Kambakot og Kjalarland. Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. 2012/124. Sótt af:

<https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2012-124-skagabyggd.pdf>. Skoðað þann 23.10.2023.

Sveitarfélagið Skagaströnd. Fornleifaskráning. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. 2009/93. Sótt af:

<https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2009-93-skagastrond.pdf>. Skoðað þann 24.10.2023.

Svör við spurningum varðandi örnefni. Árni Jónsson, 1990. Örnefnastofnun. Sótt af:

<https://nafnid.is/ornefnaskra/18307>. Skoðað þann 24.10.2023.

Örnefnaskrá Bakkakots. Jón Ól. Benónýsson skráði, 1961. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Bakkakots. Kristján Eiríksson skráði, 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Úr skjalasöfnum

Vindhælistún. Ágúst B. Jónsson, 1920. Sótt af:

https://manntal.is/myndir/Tunakort/Hunavatnssysla/A-Hunavatnssysla/Vindhaelishreppur/Jpg-400/Vindhaelishreppur_026.jpg. Skoðað þann 23.10.2023.

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Sótt af: <http://handrit.is>. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Hafursstaðakot nr. 263. Skoðaður þann 23.10.2023.

Fylgiskjöl



Hnitaskrá, verkefni 3127

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Veggir: hæð frá og til og breidd			x	y
3127-1	Skagaströnd		garðlag	túngarður	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0,0	0,0	0,0	441819	592832
3127-2	Vindhæli		hryggur	túngarður	1700	1900	illgreinanleg	engin hætta		0,1	0,3	5,0	441991	590144
3127-3	Vindhæli		heimild	traðir	1000	1900	sést ekki	engin hætta		0,0	0,0	0,0	441995	590047
3127-4	Vindhæli		hóll	óþekkt	1700	1900	illgreinanleg	engin hætta		0,1	0,3	0,0	442007	590051
3127-5	Hafursstaðir		garðlag	túngarður	1700	1950	vel greinanleg	mikil hætta		0,0	0,9	2,0	442108	587825
3127-6	Sölvabakki		garðlag	matjurtagarður	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		0,1	0,6	1,5	443530	580613
3127-7	Sölvabakki		niðurgröftur	mógröf	1700	1920	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	0,0	1,1	0,0	443545	580593
3127-8	Sölvabakki	Skógargötur	gata	leið	1000	1930	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0,0	0,0	0,0	442840	579629
3127-9	Bakkakot		tóft	óþekkt, sel	800	1800	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0,2	0,7	1,0	442009	577468
3127-10	Bakkakot		tóft	óþekkt, kvíar	800	1800	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0,2	0,5	1,0	442014	577470
3127-11	Bakkakot	Þríhólagötur	gata	leið	800	1900	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0,0	0,3	0,5	442023	577479